

Landsframleiðsla á 3. ársfjórðungi 2006

Quarterly national accounts, 3rd quarter 2006

Samantekt


Landsframleiðsla er talin hafa vaxið um 0,8% að raungildi á 3. fjórðungi þessa árs frá sama tíma árið áður. Þjóðarútgjöld jukust hins vegar meira, eða 2,4% og var því enn halli í viðskiptum við útlönd. Þriðja fjórðunginn í röð var samdráttur í útfluttri vöru og þjónustu, nú 13,3%. Þá dróst innflutningur vöru og þjónustu saman um 5,4% og er það í fyrsta sinn síðan á 3. fjórðungi ársins 2002. Fjárfesting dróst saman um 1,6%, en þar hefur ekki orðið samdráttur síðan á 4. fjórðungi ársins 2002. Enn dró úr vexti einkaneyslu en hún óx um 2,0% frá sama tíma árið áður. Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla sýnir 0,3% vöxt frá fyrra ári en frá 2. til 3. fjórðungs þessa árs stendur framleiðslan nánast í stað (0,1%).

Enn hægir á vexti einkaneyslu, samdráttur í fjárfestingu

Einkaneysla er talin hafa vaxið um 2,0% á 3. fjórðungi þessa árs frá sama tíma árið áður. Aukningin hefur ekki verið minni frá því á 4. fjórðungi ársins 2002. Í nokkrum liðum einkaneyslunnar, sem vaxið hafa hvað mest undanfarin tvö til þrjú ár, hefur hægt töluvert á vexti, svo sem í fatnaði, tólmstundum, veitingastöðum og í útgjöldum Íslendinga erlendis. Annan fjórðunginn í röð kemur fram samdráttur í kaupum á ökutækjum, nú 28%, en var um 12% þar á undan. Samdráttur hefur ekki orðið í fjárfestingu síðan á 4. fjórðungi ársins 2002, en reynist nú 1,6%. Fjárfesting atvinnuveganna dróst nú saman um 5% en áfram er töluverður vöxtur í íbúðarfjárfestingu, eða 9,5%, frá sama ársfjórðungi í fyrra. Fjárfesting hins opinbera er talin hafa vaxið um 2,4% á sama tímabili. Samneysla óx um 2,7% samanborið við 3,5% á 1. og 2,0% á 2. fjórðungi ársins.

Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume changes on same quarter in the previous year



Skýringar Notes: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006. Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006.




Hægir á vexti þjóðarútgjalda og innflutnings, samdráttur í útflutningi

Vöxtur þjóðarútgjalda minnkar hratt og mældist 2,4% á 3. fjórðungi ársins frá sama tíma árið áður, en var 13,1% á 1., og 8,4% á 2. fjórðungi ársins. Þriðja fjórðunginn í röð er samdráttur í útfluttri vöru og þjónustu, nú 13,3%. Vöxtur innflutnings hefur farið stigminnkandi frá 3. fjórðungi ársins 2005 og í fyrsta sinn síðan á 3. fjórðungi ársins 2002 kemur fram samdráttur í innfluttri vöru og þjónustu, 5,4%. Vegna áframhaldandi halla í viðskiptum við útlönd reyndist vöxtur landsframleiðsla nokkru minni en vöxtur þjóðarútgjalda, eða 0,8%.

Mynd 2. Landsframleiðsla, keðjutengt verðmæti, viðmiðunarár 2000

Figure 2. GDP, chain-volume measures, reference year 2000



Skýringar Notes: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006. Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla

Að teknu tilliti til árstíðabundinna þátta, sýna árstíðaleiðréttar áætlanir Hagstofunnar á landsframleiðslu ekki merkjanlega breytingu frá 2. fjórðungi til 3. fjórðungs þessa árs eftir 1,6% hagvöxt á 2. ársfjórðungi 2006 og 0,8% vöxt á þeim fyrsta. Rétt er að ítreka að hér er miðað við vöxtinn frá næsta ársfjórðungi á undan en ekki frá sama fjórðungi fyrra árs eins og gert er þegar árstíðaleiðréttingu er ekki beitt. Í fyrsta sinn síðan á 2. ársfjórðungi 2002 kemur fram samdráttur í árstíðaleiðréttum tölum yfir einkaneyslu, eða um 0,5% frá fyrra ársfjórðungi. Árstíðaleiðréttar raðir benda einnig til nokkuð stöðugs samdráttar í innflutningi síðastliðna ársfjórðunga, eða um 3,5% frá 2. fjórðungi til 3. fjórðungs eftir 3,3% samdrátt á 2. ársfjórðungi og 2,3% á þeim fyrsta. Hins vegar kemur nú fram ennþá meiri samdráttur í útflutningi, eða um 8,6% á 3. ársfjórðungi. Er það ásamt samdrætti í einkaneyslu megin skýring þess að hægt hefur á árstíðaleiðréttum hagvexti á 3. ársfjórðungi. Hvað útflutning snertir er rétt að benda á að ekki koma fram miklir árstíðabundnir þættir yfir tímabilið frá 1. ársfjórðungi 1997 til 3. ársfjórðungs 2006. Aftur á móti er töluverð árstíðasveifla í þjónustuútflutningi yfir sama tímabil og má segja að það réttlæti birtingu árstíðaleiðréttra útflutningstalna.

Þjónustujöfnuður

Eins og áður er þjónustuliður utanríkisviðskiptanna byggður á skýrslum Seðlabankans um þjónustuviðskipti. Hér er um að ræða bráðabirgðatölur, sem byggja á ótraustari frumgögnum en utanríkisviðskipti með vörur. Reynslan hefur og sýnt að iðulega reynist þörf á að endurskoða þessar bráðabirgðatölur, oftast til hækkunar, þegar fyllri gögn liggja fyrir. Eftir athugun þessa efnis hefur Hagstofan ákveðið að víkja frá þeim tölum sem Seðlabankinn birti í byrjun þessa mánaðar um útflutta

þjónusta á fyrstu þremur fjórðungum þessa árs. Útflutt þjónusta á 1. fjórðungi hefur verið hækkuð um 1.300 m.kr. og um 1.000 m.kr. á 2. fjórðungi og er þá að nokkru tekið mið af fyrri reynslu af hækkun frá bráðabirgðatölum til endanlegra tala. Þá hefur útflutt þjónusta á 3. fjórðungi verið hækkuð um 3.700 m.kr. frá tölum Seðla-bankans en leiða má líkur að því að ýmsir liðir útfluttrar þjónustu eigi eftir að hækka í endanlegri gerð.

Endurskoðun fyrir ársfjórðunga


Samhliða birtingu talna fyrir 3. fjórðung þessa árs hafa tölur fyrir fjórðunga ársins tekið nokkrum breytingum. Leiðréttingar hafi verið gerðar í flestum undirliðum landsframleiðslunnar, mestar í fjárfestingu og útfluttri þjónustu. Áhrif þeirra breytinga á landsframleiðslu vega þó upp á móti hvorri annarri þannig að breyting á hagvexti er óveruleg, eða lækkun um 0,3% á 1. fjórðungi og 0,1% á 2. fjórðungi ársins, frá því sem áður var talið.

Ítarleg sundurliðun birt á netinu

Ítarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á netinu er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

Mynd 3. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 3. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýringar Notes: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006. Raunbreytingar frá fyrra ársfjórðungi. Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006. Change from the previous quarter.

English summary

Total domestic expenditure increased by 2.4% in real terms in the 3rd quarter of 2006 as compared with the same quarter of 2005. A decrease in exports by 13.3%, partly offset by 5.4% decrease in imports, led to a 0.8% growth rate of Gross Domestic Product (GDP).

In the 3rd quarter of 2006, household final consumption increased by 2.0% from the same quarter of the previous year. High growth rate of household consumption during the last two to three years has been driven by expenditure on various products and services, e.g. clothing, vehicles, recreation, restaurant services and consumption abroad, which have declined considerably in the 3rd quarter. Government final consumption increased by 2.7%, slightly more than in the previous quarter.

Fixed capital formation (GFCF) decreased by 1.6% from the 3rd quarter of 2005. This is the first time GFCF decreases since the 4th quarter of 2002. Decline in business sector investments is the main reason for a decrease in GFCF.

Seasonally adjusted series show 0.3% growth rate in GDP from the same quarter of the previous year. The growth rate from the previous quarter is virtually zero (0.1%) after 1.6% growth over the 2nd quarter and 0.8% over the 1st quarter. Seasonally adjusted figures show a downturn by 3.5% in imports from the previous quarter as well as 8.6% decline in exports and a 0.5% decline in household final consumption, which are the two main reasons for a falling growth rate of GDP.

Tafla 1. Landsframléiðsla eftir ársfjórðungum 2002–2006*Table 1 Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2002–2006*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govvern. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framléiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, milljónir króna								
<i>Million ISK at current prices</i>								
2002	447.298	202.135	142.778	-182	792.031	305.607	-292.915	804.723
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	105.099	49.414	33.643	-339	187.817	75.597	-71.277	192.136
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	113.387	49.865	35.134	-896	197.490	78.495	-75.354	200.631
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112.707	51.219	37.349	825	202.100	79.996	-75.266	206.830
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	116.106	51.637	36.652	229	204.624	71.520	-71.018	205.125
2003	479.709	213.502	164.625	-1.453	856.383	288.552	-314.314	830.621
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	112.747	52.449	37.692	2.261	205.150	70.906	-67.695	208.361
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	120.132	53.005	40.137	-353	212.921	67.861	-78.552	202.230
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	120.851	53.920	43.918	34	218.723	80.326	-87.508	211.541
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	125.979	54.127	42.878	-3.395	219.589	69.460	-80.559	208.489
2004	527.110	228.287	212.865	-918	967.344	316.903	-368.962	915.285
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	122.822	55.961	46.292	3.412	228.488	73.098	-79.431	222.155
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	132.266	57.083	49.461	-1.108	237.703	75.170	-94.599	218.274
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	131.164	58.070	57.670	-3.595	243.308	90.028	-96.826	236.509
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	140.858	57.172	59.441	374	257.845	78.607	-98.106	238.346
2005¹	603.786	247.105	287.955	-862	1.137.984	324.324	-450.108	1.012.201
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	138.211	59.768	59.061	4.068	261.107	72.780	-95.141	238.747
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	154.825	61.689	65.955	-4.904	277.565	88.218	-115.734	250.049
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	151.207	62.932	83.052	2.093	299.283	87.933	-121.989	265.228
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	159.543	62.717	79.888	-2.119	300.028	75.392	-117.244	258.176
2006
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	159.253	66.179	80.018	1.286	306.735	75.700	-121.070	261.365
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	175.036	68.522	82.516	786	326.859	97.670	-148.063	276.466
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	169.099	70.700	92.487	8.665	340.951	96.358	-142.903	294.406

Skýringar *Notes:* Fram til 1. ársfjórðungs 2003 ná tölur um birgðabreytingar aðeins til áls og kísiljárns en þá lágu fyrir fyrstu tölur Hagstofunnar um birgðabreytingar í sjávarútvegi og voru þær teknar inn í ársfjórðungstölurnar frá þeim tíma. Birgðabreytingar í sjávarútvegi á árinu 2003 höfðu ekki áhrif á breytingu árstalna. Frá 1. ársfjórðung 2004 hefur Hagstofan tekið inn birgðabreytingar í olíu en fyrir þann tíma lágu þær ekki fyrir. *Up to the first quarter of 2003 changes in inventory only covered changes in aluminium and ferro-silicon. Since then changes in inventory of fish products were also included in quarterly accounts. Changes in inventory of fish products 2003 had no influence on annual figures that year. Since first quarter of 2004 Statistics Iceland has compiled figures for changes in inventory of oil but prior to that no figures were available.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

Tafla 2. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2002–2006

Table 2. Annual GDP volume growth 2002–2006

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govvern. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in Inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
2002	-1,6	5,1	-15,8	0,3	-2,8	3,8	-2,6	-0,3
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-4,8	4,0	-23,7	1,4	-5,7	3,3	-13,9	1,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-2,0	4,0	-16,2	-0,5	-4,1	11,9	2,2	-0,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,5	6,0	-12,5	0,2	-1,3	2,2	-3,4	1,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	6,3	-10,4	0,1	-0,1	-1,7	6,5	-2,5
2003	6,1	1,6	13,4	-0,2	6,1	1,6	10,8	2,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,1	1,9	12,7	1,4	7,7	5,9	1,3	9,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,3	2,1	13,8	0,2	6,4	-3,8	10,8	0,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,9	1,4	13,2	-0,3	5,7	4,0	16,4	1,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,0	1,1	13,9	-1,9	4,8	0,6	13,8	0,2
2004	6,8	2,9	27,4	0,1	9,9	8,4	14,4	7,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,7	3,0	22,4	0,6	9,1	4,9	16,9	4,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,7	3,7	20,0	-0,3	8,2	6,1	13,8	5,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,3	3,6	28,7	-1,8	7,8	10,3	7,5	8,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,4	1,1	37,7	1,8	14,4	12,2	20,4	11,6
2005¹	12,3	3,3	37,6	0,0	15,8	7,1	28,9	7,5
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	9,4	2,5	26,5	0,4	11,4	2,0	23,6	3,8
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	15,0	3,3	34,0	-1,8	14,5	21,5	26,8	11,6
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	13,6	3,8	47,6	2,4	22,0	3,3	33,9	10,0
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	11,3	3,8	39,5	-1,0	15,1	2,6	30,3	4,7
2006
1. ársfj. ³ <i>1st quarter³</i>	11,7	3,5	32,1	-1,2	13,1	-2,4	23,7	3,9
2. ársfj. ³ <i>2nd quarter³</i>	5,0	2,0	12,1	2,3	8,4	-11,1	6,0	2,6
3. ársfj. ³ <i>3rd quarter³</i>	2,0	2,7	-1,6	1,6	2,4	-13,3	-5,4	0,8

Skýringar Notes: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

³ Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2002–2006, árstíðaleiðréttTable 3. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2002–2006*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>						
2002	-1,6	5,1	-2,8	3,8	-2,6	-0,3
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-4,6	4,5	-6,1	4,3	-14,6	0,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-3,1	4,8	-4,0	11,8	3,2	-0,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,3	5,5	-1,3	1,5	0,0	1,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,7	5,5	0,4	-1,8	3,1	-2,2
2003	6,1	1,6	6,1	1,6	10,8	2,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	4,1	2,0	6,9	5,2	4,4	8,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,3	1,8	6,5	-3,3	10,8	0,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	7,3	1,7	5,9	4,0	12,7	0,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,8	0,9	5,2	0,6	15,0	0,4
2004	6,8	2,9	9,9	8,4	14,4	7,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,5	2,6	8,6	5,6	19,4	4,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,1	3,8	8,5	5,5	14,5	5,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,2	2,5	7,8	10,6	7,6	8,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,5	2,4	14,6	12,0	16,8	11,7
2005¹	12,3	3,3	15,8	7,1	28,9	7,5
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter</i> ¹	10,4	3,7	11,4	2,5	19,4	3,7
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter</i> ¹	13,5	2,5	14,9	20,9	28,1	11,7
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter</i> ¹	13,3	3,5	21,8	3,9	34,8	10,5
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter</i> ¹	12,2	3,7	15,0	2,3	32,6	4,4
2006
1. ársfj. ² <i>1st quarter</i> ²	9,7	2,6	13,1	-4,1	19,9	4,4
2. ársfj. ² <i>2nd quarter</i> ²	5,7	3,4	8,6	-10,2	6,0	2,4
3. ársfj. ² <i>3rd quarter</i> ²	3,1	2,5	2,5	-13,0	-3,5	0,3

Skýringar Notes: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.² Áætlaðar tölur. Estimated figures.

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2002–2006, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2002–2006*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % <i>Percentage change on the previous quarter</i>						
2002						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,5	2,9	-3,4	-0,2	0,6	-6,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,5	0,6	1,5	0,2	0,2	3,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,2	1,2	1,7	-2,6	5,4	-0,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,5	0,7	0,6	0,8	-3,0	1,5
2003						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,9	-0,5	2,9	7,0	1,8	4,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,6	0,4	1,0	-7,9	6,4	-4,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,1	1,1	1,2	4,8	7,2	0,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	-0,1	-0,0	-2,5	-1,0	0,9
2004						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,6	1,1	6,2	12,3	5,7	8,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,2	1,6	1,0	-8,0	2,0	-3,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,2	-0,2	0,6	9,8	0,8	3,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,2	-0,2	6,2	-1,3	7,5	3,6
2005¹						
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	3,4	2,3	3,2	2,7	8,0	0,8
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	4,1	0,5	4,2	8,5	9,5	3,6
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	2,0	0,9	6,6	-5,6	6,0	2,2
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	2,2	-0,0	0,3	-2,7	5,8	-2,1
2006						
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	1,1	1,3	1,5	-3,8	-2,3	0,8
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	0,3	1,2	0,1	1,7	-3,3	1,6
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	-0,5	0,1	0,6	-8,6	-3,5	0,1

Skýringar Notes: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.² Áætlaðar tölur. Estimated figures.

Hagtiðindi Þjóðhagsreikningar
Statistical Series **National Accounts**

91. árgangur nr. 59

2006:7

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (pappír paper) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 Price EUR 7

Umsjón Supervision Guðjón Guðmundsson • gudjon.gudmundsson@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími Fax +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. Please quote the source.

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series